

5. fundur Betadeildar starfsárið 2021-2022 – haldinn í Menntaskólanum á Akureyri, 31. mars kl. 19:00

Setning fundar

Hildur Hauksdóttir formaður setti fundinn og hafði orð um nýjan dúk frá Hönnu sem fylgdi kertunum sem höfðu verið í hennar vörslu frá síðasta fundi. Það var Laufey sem kveikti á kertum í þetta sinn og að því loknu flutti Hildur kveðjur frá fjarstöddum konum. Erna Gunnarsdóttir tók síðan við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps og fór hún yfir fyrirhugaða dagskrá fundarins.

Orð til umhugsunar

Undir liðnum orð til umhugsunar flutti Hildur ljóðið *Heima* eftir bresk-sómalísku skáldkonuna Wharsan Shire. Ljóðið lýsir hvernig heima umbreytist frá því að vera griðarstaður í svo hættulegan stað að fólk gerir allt til yfirgefa það.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var haldinn á Zoom þann 23. febrúar og var hún samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur sagði uppstillinganefnd hafa stillt upp fyrir næstu stjórn og sagði valdeflandi hve allar þær konur sem haft var samband við hafi tekið vel í þá umleitan að taka að sér stjórnarstörf en það eru þær Aðalbjörg Bragadóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Laufey Petrea Magnúsdóttir og Sigurbjörg Jónsdóttir.
- Hildur sagði landssambandsforseta kalla eftir nöfnum þeirra félagskvemma sem ætla til New Orleans.
- Hildur fór yfir á dagskrána á vormánuðum, næsti fundur Betadeildar verði 26. apríl, vorráðstefna 7. maí í Reykjavík og aðalfundur deildarinnar 27. maí en ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun um fyrirkomulag þess fundar, hugsanlega farið í smá ferðalag.
- Hildur og Hugrún afhentu Sigríði og Elínu afmælisgjafir í tilefni merkisafmæla, Sigríður varð fimmtug 18. september og Elín sextug þann 19. mars. Þær fengu báðar gjafakörfur UNICEF til hjálpar börnum í neyð. Einnig flutti Hildur pistil um atburði tengdum fæðingardögum þeirra og gerði skemmtilegan samanburð á fréttæmum samfélagsmálum milli þessa tæplega tíu ára 1962 og 1971.

- Útbreiðslunefnd bar upp nöfn þriggja kvenna af þeim sem tilnefndar höfðu verið. Samkvæmt starfsreglum DKG var kosið um þessar þrjár konur og var samþykkt að bjóða þeim inngöngu. Verður þeim boðið að koma á næsta fund og eru það þær félagskonur sem stungu upp á þeim sem hafa samband við þær.

Veitingar

Að vanda voru veglegar veitingar þegar hlé var gert á fundardagskrá.

Gestur fundarins

Snorri Björnsson kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri flutti áhugaverða umfjöllun um starf sitt sem kynjafræðikennara og rakti feril kynjafræðikennslu í VMA frá 2013. Í kjölfarið var góð umræða um kynjafræði og hugleiðingar um slík fræði í menntakerfinu.

Happrætti

Þrátt fyrir að fundurinn væri ekki með rafrænum hætti nýtti Hildur tæknina við að draga í happdrættinu. Það var Eygló sem hlaut vinninginn og fékk hann úr hendi Fríðu.

Fundarslit

Laufey slökkti á kertum og fundi var slitið kl. 9:02.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir